

Nd.

133. Frumvarp til laga

[90. mál]

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkju-sjúkra.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Kristín Sigurðardóttir.

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir fé gæzlúvistar sjóðs skal reisa og reka gæzlúvistarhæli fyrir drykkju-sjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli um langan tíma.

2. gr.

Í stað orðanna „reisa eða hjálpa til að reisa gæzlúvistarhæli“ í 15. gr. laganna kemur: reisa og reka gæzlúvistarhæli.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Um það er tæpast ágreiningur, að nauðsynlegt sé að koma á fót stofnunum til hjálpar drykkjusjúkum mönnum. Meðal þeirra stofnana er hæli fyrir þá, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar um langt skeið. Núgildandi lög um þessi mál, nr. 55 frá 1949, mæla svo fyrir, að vilji sveitarfélög reisa og reka á sinn kostnað slík hæli, fari um ríkissjóðsstyrk til þeirra eftir lögum um sjúkrahús, þ. e. ríkissjóður greiði $\frac{2}{5}$ hluta stofnkostnaðar.

Sveitarsjóðir hafa þegar ærin útgjöld af drykkjusjúkum mönnum, bein og óbein, þótt kostnaður við stofnun og starfsemi slíkra hæla sé ekki einnig á þá lagður. Ríkissjóður hefur árlega tugmilljóna tekjur af áfengissölu, og er sá hagnaður áætlaður í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár 52 millj. kr. Virðist eðlilegt, að ríkið standi undir kostnaði við áfengishæli. Alþingi hefur og sýnt vilja sinn í þá átt. Í fyrrgreindum lögum frá 1949 er ákveðið að stofna gæzlúvistar sjóð, og renni til hans 750 þús. kr. á ári hverju á árunum 1950—1956. Í þennan sjóð eru því komnar 3 millj. kr., og er sú fjárhæð að mestu ónotuð.

Það er efni þessa frv., að gæzlúvistar sjóður reisi og reki hæli fyrir þá áfengis-sjúklinga, sem þarfnast langrar dvalar.